

8. gr.

178

Tryggingafélögum er skylt að birta reikninga um lögboðnar ábyrgðartryggingar eigi síðar en 1. okt. ár hvert, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum tryggingafélaganna, ef reikningum félags hefur ekki áður verið breytt í samræmi við þær.

12. sept.

9. gr.

Dómsmálaráðherra skipar 2 endurskoðendur til 4 ára í senn til að endurskoða reikninga tryggingafélaganna, samkv. 4. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna, annan þeirra eftir tilnefningu frá samtökum bifreiðaeigenda, Vörubílstjórafélaginu Þrótti, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, Félagi sérleyfishafa og Félagi íslenzkra bifreiðaeigenda. Tryggingafélög greiða endurskoðendum laun eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

10. gr.

Ágreiningi milli endurskoðenda eða milli þeirra og tryggingafélaga skal skjóta til dómsmálaráðuneytisins, sem einnig veitir skýringar á reglugerð þessari.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkv. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 7 24. jan. 1952, um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 (4. mgr. 36. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941) og öðlast gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. september 1952.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

179

um afnám ákvæða auglýsingar nr. 38 1. marz 1952, um varúðarráðstafanir vegna gin- og klaufaveikihættu frá Kanada.

13. sept,

Þar sem talið er fullvíst, að gin- og klaufaveiki hafi verið útrýmt að fullu og öllu í Kanada, eru hér með felld úr gildi ákvæði auglýsingar nr. 37 1. marz 1952, um takmarkanir á innflutningi á vörum frá Kanada.

Auglýsingar landbúnaðarráðuneytisins nr. 191 8. nóv. og 197 21. nóv. 1951 og nr. 208 6. des. 1951, um takmarkanir á innflutningi á vörum frá Evrópulöndum vegna gin- og klaufaveikihættu, eru enn í gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. september 1952.

F. h. r.

Gunnlaugur E. Briem.

Þorv. K. Þorsteinsson.